201. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í gegnum Zoom

Fimmtudaginn 14. mars 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Reglur varðandi jarðsetningar.* Skýra þarf hver ræður því hvort jarðsetja megi duftker í leiði annars einstaklings. Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu gera ráð fyrir að eftirlifandi maki og/eða nánir ættingjar veiti heimild til slíks, en fjölskyldumynstur geta verið flókin og mál því ekki skýr í öllum tilvikum. Ragnhildur mun leita ráðgjafar Árna Vilhjálmssonar lögfræðings sem hefur langa reynslu af störfum fyrir Kirkjugarða Reykjavíkur. Mun hún athuga hvort Árni geti tekið þátt í næsta fundi Kirkjugarðaráðs og farið yfir þessi mál. Til undirbúnings munu Ingvar og Smári leggja honum til dæmi um álitamál sem upp hafa komið. Óskað er eftir að í framhaldi verði til skýrt vinnulag í málum sem þessum.
3. *Staðan varðandi starfslýsingu á nýjum framkvæmdastjóra ráðsins.* Ingvar vinnur að því að skilgreina vægi mismunandi hæfnisþátta í atvinnuauglýsingu og hvernig einkunnagjöf fyrir þá verður háttað. Auglýsa á stöðu framkvæmdastjóra um eða upp úr miðjum apríl. Stefnt er á að ráðið verði í stöðuna í maí. Ráðningarstofa verður fengin til aðstoðar.
4. *Ársreikningar kirkjugarða vegna 2022 – skýrsla Ríkisendurskoðunar.* Smári kynnir. Skil hafa ekki verið góð undanfarin ár. Af 244 kirkjugörðum um landið höfðu einungis 59% skilað ársreikningi 2022 til Ríkisendurskoðunar í janúar 2023. Það hlutfall hefur hækkað síðan þá, en 12 garðar höfðu sent ársreikning sinn vegna ársins 2022 til Biskupsstofu. Svo virðist sem skil hafi dalað eftir að prófastar hættu að fylgja málum þessum eftir í sínum umdæmum. Kirkjugarðasambandið hefur ekki formlega aðkomu að skilum ársreiknings hvers kirkjugarðs, en reynir þó að hvetja til skila. Nýttur hefur verið netfangalisti frá Biskupsstofu til að ná í alla hlutaðeigandi, en þeir póstar enda ekki alltaf hjá réttum aðilum. Nokkuð ber á villum í ársreikningum minni kirkjugarða, til að mynda að 8% framlag til Kirkjugarðasjóðs sé ekki gjaldfært. Leysa mætti þetta vandamál annað hvort með því að sambandið haldi námskeið í gerð ársreikninga fyrir minni kirkjugarða eða að uppgjörið sé einfaldað á þann veg að 8% framlagið sé ekki skráð í framtalið heldur einungis nettótalan sem kirkjugarðarnir raunverulega fá. Smári ætlar að kanna hvort umræðugrundvöllur vegna slíkra

breytinga sé til staðar. Einfaldast er að skila rafrænt, en til að svo megi verða þarf að skrá prókúruhafa viðkomandi kirkjugarðs sem getur reynst aukaflækjustig. Athygli vekur að af þeim 143 sem skiluðu eru margir með jákvæða rekstrarniðurstöðu, en ástæða þessa er að litlar eða engar launagreiðslur áttu sér stað sem sýnir að verk líkt og grafartaka eru oft unnin í sjálfboðavinnu.

5. *Næsti fundur.* Fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00 í Fossvogskirkjugarði.
6. *Önnur mál.* Erindi barst frá sendiráði Bretlands, en velsk kona leitar að gröf afa síns sem fórst við Íslandsstrendur á skipinu Kingfisher árið 1912. Guðmundur Rafn ætlar að kanna málið.

Fundi var slitið kl. 13:45.